

79. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, föstudaginn 8. maí 2026, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

- 1. Ársreikningur Bláskógaveitu 2025 - 2604023**
Ársreikningur Bláskógaveitu
Frestað til næsta fundar.
- 2. Ráðning starfsmanns framkvæmda- og veitusviðs - húsvarðar - 2602031**
Upplýsingar um ráðningarferli.
Sviðsstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins. Gengið verður frá formlegum ráðningarsamningi á næstu dögum, en nýr starfsmaður hefur störf í ágúst.
- 3. Ráðning flokkstjóra vinnuskóla 2026 - 2603036**
Ráðning flokkstjóra vinnuskóla. Upplýsingar um ráðningarferli.
Sviðsstjóri gerði grein fyrir stöðu mála. Líkur eru á að takist að ráða í starfið og að unnt verði að starfrækja vinnuskóla í sumar.
- 4. Viðhald búningsklefa í íþróttahúsinu á Laugarvatni - 2604026**
Sviðsstjóri fer yfir fyrirhugaðar framkvæmdir.
Sviðsstjóri gerði grein fyrir málinu. Lagfæra þarf pípulagnir og fleira. Unnin verður nánari áætlun vegna verksins og lagt fyrir fund að nýju.
- 5. Breytingar á innra skipulagi leikskólans Bláskóga Gullkista - 2605001**
Tillaga um breytingar á innra skipulagi
Farið var yfir tillögur að breytingum á innra skipulagi leikskólans Bláskóga, Gullkistan, á Laugarvatni, og viðhaldsverkefni sem eru framundan. Unnin verður kostnaðaráætlun vegna breytinganna.
- 6. Framkvæmdir á tjaldsvæði á Laugarvatni - 2605003**
Erindi Vinastrætis ehf, vegna framkvæmda á tjaldsvæðinu á Laugarvatni.
Sviðsstjóri gerði grein fyrir málinu. Bláskógabyggð mun annast flutning á salernishúsi frá hjólhýsasvæðinu og tengingu. Jafnframt verður greiddur reikningur að fjárhæð kr. 1.784.483, auk þess sem sveitarfélagið annast flutning og uppsetningu leiktækja og

HK
SH

lagfæringar á svæðinu í samræmi við skýrslu pípulagningamanns.

7. Tillaga um opnunartíma gámasvæða - 2603031

Tillaga um opnunartíma gámasvæða

Umræða varð um málið. Gögn um sorpmagn verða lögð fram á næsta fundi.

8. Kæra vegna gjalda til reksturs söfnunarstöðva og gjalds vegna tæmingar á rotþró við sumarhús - 2605004

Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna gjalda til reksturs söfnunarstöðva og gjalds vegna tæmingar á rotþró við sumarhús

Lagt fram til kynningar.

9. Ærslabelgur á Laugarvatni - 2511047

Staðsetning ærslabelgs

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að ærslabelgur verði staðsettur norðaustan við blakvöll, þar verði gert svæði fyrir ærslabelginn, ásamt því að þar verði komið fyrir bekkjum/borðum.

10. Gangstétt Lindarbraut Reykjabraut - 2605005

Lagfæring á gangstétt

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að settur verði stoðkantur meðfram gangstéttinni, í samvinnu við lóðarhafa, samhliða endurbótum á henni.

11. Tenging Lindargötu 10, Reykjavöllum, við Bláskógaveitu - 2605006

Fyrirspurn, dags. 04.05.2026 um mögulega tengingu Lindargötu 10 í landi Reykjavalla við hitaveitu Bláskógaveitu.

Framkvæmda- og veitunefnd þakkar fyrirspurnina. Bláskógaveita getur ekki farið inn á dreifisvæði annarra hitaveitna og því er ekki unnt að tengja Lindargötu 10 við dreifikerfi Bláskógaveitu.

12. Vinnuskóli 2026 - 2605007

Samþykkt um vinnuskóla Bláskógabyggðar

Lögð var fram samþykkt um vinnuskóla í Bláskógabyggð, ásamt upplýsingum um laun ungmenna fyrir árið 2026. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir framlögð gögn.

Fundi slitið kl. 09:40.

Stefanía H.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Helgi Kjartansson

Jón Forni Snæbjörnsson

Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Kristófer Arnfjörð Tómasson

Sigrid Hesterman
Held, K. 1898

Anna Stenroos
Held, K. 1898

Stellan Hesterman
Held, K. 1898

Anna Stenroos
Held, K. 1898

Kristina Andersson
Held, K. 1898